



Mapepoxy L

Epoxy lím



NOTKUNARSVIÐ

Mapepoxy L er notað sem kraftlím fyrir

- nýja (óharðnaða) steypu við harðnaða steypu
- harðnaða steypu við harðnaða steypu
- stál við harðnaða steypu
- stál við stál

Mapepoxy L er einnig hentugt til að nota við festingu á boltum í boraðar holur, og einnig sem verndandi lag á steypu.

TÆKNILEGIR EIGINLEIKAR

Mapepoxy L er tveggja þátta epoxýlím byggt á forfylltri epoxýþeytu og pólýamín.

Mapepoxy L inniheldur engin benzýlalkóhól eða önnur mýkiefni sem losna úr vörunni eftir hörðun við venjulegar aðstæður. Efnið helst því óbreytt allan líftíma mannvirkisins.

Mapepoxy L hefur mjög góða eiginleika til að viðhalda viðloðun við steypu í röku umhverfi í samanburði við önnur epoxýkerfi.

Mapepoxy L hefur gott hitaviðnám, en gildi eiginleika afflutnings er minna á milli +50 - 70 °C. Við kælingu endurheimtir límið upprunalega eiginleika sína.

Mapepoxy L er í samræmi við meginreglurnar sem skilgreindar eru í EN 1504-9 stöðlum ("Vörur og kerfi til verndunar og viðgerða á steinsteypumannvirkjum. Skilgreiningar, kröfur, gæðaeftirlit og samræmismat. Almennar meginreglur um notkun og beitingu kerfa"), og kröfur EN 1504-4 "Líming burðarvirkis".

Mapepoxy L er lítill mengunarvaldur og uppfyllir kröfur varðandi flokkun M1.

AÐFERÐ VIÐ NOTKUN

Undirbúningur undirlags:

Undirbúningur steypu

Steinsteypan verður að vera traust, hrein og ryklaus með slétt og stöðugt yfirborð. Sandblástur er besta aðferðin við undirbúning yfirborðs, en hægt er að nota sýrupvott, sem fylgt er eftir með háþrýstipvotti og þurrkun.

Undirbúningur stáls

TStál verður að vera laust ryð og aðra mengun. Sandblástur með SA 2 ½ er besta aðferðin, en fyrir litla vinnu getur slípun og fituhreinsun verið nægileg.

Í almennum skilningi fer viðloðun eftir eðli undirlags, undirbúningi mengun sem er til staðar. Gildi sem hægt er að nota sem grundvöll fyrir útreikninga eru háð staðháttum og verður að meta í hvert skipti.

Lofthiti og hitastig yfirborðs ætti að vera að minnsta kosti +5 °C á meðan efnið er borið á og við hörðun, nema annað sé tekið fram.

TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR (dæmigerð gildi)

ATRÍÐI VÖRU	Hluti A	Hluti B			
Litur:	grár	svart			
Útlit:	þéttur vökvi	vökvi			
Eðlisþyngd (g/cm ³):	1,675	0,91			
Brookfield seigja við +23°C (mPa•s):	um það bil 90 000	um það bil 20			
UPPLÝSINGAR VEGNA NOTKUNAR					
Hlutfall blöndu:	8:1 hluti A: hluti B				
Litur blöndu:	grár				
Þéttleiki blöndu:	þéttur vökvi				
Þéttleiki blöndu (kg/m ³):	um það bil 1 530				
Brookfield seigja blöndu (mPa•s):	um það bil 3 500				
Hitasvið við notkun:	+5°C - 30°C				
Endingartími (EN ISO 9514):	11 mínútur				
	5 °C	20 °C	30 °C		
Vinnanleiki (EN ISO 9514):	28 mín	20 mín	14 mín		
Vinnslutími (EN 12189):	240 mín	70 mín	60 mín		
ENDANLEGIR EIGINLEIKAR (7 dagar við + 23 og 50 % hlutf.raka)					
Prýstistyrkur (EN 12190):	20 °C		5°C		
	2,5 klst	7 dagar	16 klst	28 dagar	
	um það bil 40 N/mm ²	um það bil 110 N/mm ²	um það bil 60 N/mm ²	um það bil 95 N/mm ²	
Viðloðun við steypu í röku umhverfi (4-punkta sveigjustyrkur af límdu prisma geymt í vatni):	28 dagar	3 mánuðir	6 mánuðir	1 ár	2 ár
	4,8 N/mm ²	7,3 N/mm ²	5,6 N/mm ²	7,6 N/mm ²	6,9 N/mm ²
	100 % steypa	100 % steypa	85 % steypa	92 % steypa	82 % steypa
Sveigjustyrkur (EN 12190):	39,5 N/mm ²				
Endanlegur hörðunartími:	7 dagar				
Eiginleikar frammistöðu fyrir vöru	Prófun-araðferðir	Kröfur samkvæmt EN 1504-4 fyrir límingu burðarvirkis	Frammistaða vöru		
4.3 Límvörur fyrir burðarvirki fyrir styrkingu á plötu					
Lím/viðloðunarstyrkur:	EN 12188	Afdráttarstyrkur >14 N /mm ² 50° > 50 N/mm ² 60° > 60 N/mm ² 70.70 N/mm ²	Afdráttarstyrkur >20,34 N/mm ² 50° > 50,35 N/mm ² 60° > 62,05 N/mm ² 70° > 71,65 N/mm ²		
Skurðarstyrkur:	EN 12188	> 12 N/mm ²	22,99 N/mm ²		
Rýrnun/þensla:	EN 12617-1	< 0,1 %	0 %		
Seigjustuðull:	EN 13412	> 2 000 N/mm ²	7 680 N/mm ²		
Stuðull varmaþenslu:	EN 1770	< 100*10 ⁻⁶ pr K	53*10 ⁻⁶ pr K		
Hitastig varmaleiðni glers:	EN 12614	> 40 °C	50,8 °C		
Viðnám gagnvart eldi:	EN 13501-1	yfirlýst gildi	B _{fl} -s1		
Ending:	EN 13733	stenst/mistekst	stenst		

Eiginleikar frammistöðu fyrir vöru	Prófun-araðferðir	Kröfur samkvæmt EN 1504-4 fyrir límingu burðarvirkis	Frammistaða vöru
4.4 Límvörur fyrir burðarvirki fyrir límingu á múr eða steinsteypu			
Lím/viðloðunarstyrkur:	EN 12636	stenst/mistekst	stenst (steinsteypa mistekst 4,1 N/mm ²)
Skurðarstyrkur:	EN 12615	> 6 N/mm ²	12,32 N/mm ² (steinsteypa við steinsteypu) 14,01 N/mm ² (ný steinsteypa)
Prýstistyrkur:	EN 12190	> 30 N/mm ²	108 N/mm ²
Rýmun/þensla:	EN 12617-1	< 0,1 %	0 %
Næmni gagnvart vatni:	EN 12636	stenst/mistekst	stenst (steinsteypa mistekst 4,1 N/mm ²)
Seigjustuðull:	EN 13412	> 2 000 N/mm ²	7680 N/mm ²
Stuðull varmaþenslu:	EN 1770	< 100*10 ⁻⁶ pr K	53*10 ⁻⁶ pr K
Hitastig varmaleiðni glers:	EN 12614	> 40 °C	50,8 °C
Viðnám gagnvart eldi:	EN 13501-1	yfirlýst gildi	B _{fl} -s1
Ending:	EN 13733	stenst/mistekst	stenst

Undirbúningur vöru:

Hlutar A og B eiga að vera með hitastig sem nemur +15 °C eða hærra þegar þeim er blandað saman. Hluta B er hellt í hluta A, og blandað saman með borvél og hræru á lágum hraða í um það bil 3 mínútur þar til að blandan hefur aðlagast að fullu.

Það má ekki þynna efnið!

Efnið borið á:

Binding á nýrri (óharðnaðri) steypu við harðnaða steypu eða stál

Mapepoxy L hægt að bera á með pensli eða sköfu á flatt yfirborð. Fyrir stærri fleti og staði með styrkingu er hægt að nota sprautu. Takið sérstakt tillit til að nota **Mapepoxy L** innan vinnanleika efnisins (fer eftir hitastigi).

Nýja steinsteypu eða múrblöndu skal leggja innan vinnslutíma límsins (fer eftir hitastigi). Ef ekki er hægt að nýta vinnslutímann, skal dreifa sandi yfir límið, og bera á nýtt lag af lími.

Notið eins lágt hlutfall vatns og sements í steinsteypunni og mögulegt er. Hlífið með yfirbreiðslu úr plasti eða leggið hörðunarahimnu yfir strax eftir lögn.

Límingu með **Mapepoxy L** er hægt að framkvæma við allt hitastig þar sem það er ásættanlegt að hella hefðbundinni steinsteypu eða múr, án þess að bæta við frostvarnarefnum. Gangið hinsvegar úr skugga um að hitinn er yfir 0 °C á yfirborði á meðan efnið er lagt. Áreiðanleg útkoma fæst á þurru yfirborði, en hægt að komast af með smá raka.

Líming á stáli eða harðnaðri steypu við harðnaða steypu

Mapepoxy L hægt að bera á með pensli eða sköfu á flatt yfirborð. Fyrir stærri fleti er hægt að nota sprautu. Takið sérstakt tillit til að nota **Mapepoxy L** innan vinnanleika efnisins (fer eftir hitastigi).

Leggja verður stál eða steypu innan vinnslutíma líms (fer eftir hitastigi). Ef ekki er hægt að nýta vinnslutímann, skal dreifa sandi yfir límið, og bera á nýtt lag af lími.

Fyrir þessa gerð notkunar er **Mapepoxy L** aðeins hentugt fyrir lárétt yfirborð. Fyrir lóðréttu fleti, eða ef þörf er á þykkari límskeytum, þarf að nota **Adesilex PG 1** eða **Adesilex PG 2**.

Festing á boltum

Mapepoxy L er hægt að nota til að festa bolta í boraðar holur. Eftir borun ætti að hreinsa gatið, og **Mapepoxy L** er hellt í holuna, t.d. með trekt. Þá er boltinn settur á sinn stað og festur það þar múrinn er nægilega harðnaður. Ef hringlaga rými í kringum boltann er stærra en 5 mm, notið **Mapepoxy L-Mörtel**.

Boruðu holurnar ættu að vera þurrar við ísetningu, jafnvel þótt hægt sé að ná fullnægjandi útkomu þegar yfirborðið er rakt. Allt umframvatn verður að fjarlægja.

Húðun

Mapepoxy L er hægt að nota til að húða steinsteypu eða stál, t.d. til að tryggja fullnægjandi styrk þar sem hann er of lítil. Berið **Mapepoxy L** á með burstu, spaða eða spraututrekt. Venjulega á að bera hið minnsta 2 umferðir á strá sandi yfir á milli. Hægt að byggja upp húðun í þykkt sem nemur

nokkrum millimetrum.

HREINSUN

Verkfæri og búnað verður að hreinsa strax eftir notkun með **sérstökum þynni**, etanóli eða öðru hreinsiefni sem hentar fyrir epoxy. Þegar efnið hefur harðnað er hægt að hreinsa það með verkfærum

NOTKUN

Notað sem lím: 0,5 – 1,5 kg / m²

Notkun er breytilegt með sem fer eftir sléttleika yfirborðs, hitastigi og aðferð við lögn.

PAKKNING

1,25 kg sett: Hluti A = 1,1 kg, hluti B = 0,15 kg.

4,5 kg sett: Hluti A = 4,0 kg, hluti B = 0,5 kg.

9 kg sett: Hluti A = 8,0 kg, hluti B = 1,0 kg.

GEYMSLA

Eiginleikar varðandi notkun haldast óbreyttir í 24 mánuði ef geymt í óopnuðum upphaflegum umbúðum við hitastig á milli +5 °C og +30 °C.

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR VARDANDI UNDIRBÚNING OG NOTKUN

Mapepoxy L hluti A er ertandi fyrir augu og húð. Getur valdið ofnæmi komist efnið í snertingu við húð. Mælt er með að nota hlífðarfatnað, hanska og öryggisgleraugu þegar efnið er borið á.

Mapepoxy L hluti B er tærandi og getur val-

dið alvarlegum bruna. Það er einnig hættulegt við innöndun, ef það kemst í snertingu við húð eða við inntöku. Getur valdið ofnæmi við innöndun eða komist efnið í snertingu við húð. Þegar efnið er sett á er mælt með notkun á hlífðarfatnaði, nota hanska, hlífðargleraugu, og öndunargrímu til að vernda öndunarferi og vinna aðeins á vel loftræstum stað. Ef varan kemst í snertingu við augu eða húð skal strax þvo með miklu vatni og leita lækni aðstoðar.

Mapepoxy L hluti A og B eru hættuleg lífríki vatns. Ekki má farga vörinni í umhverfið. Nánari og fyllri upplýsingar um örugga notkun á vörum okkar vinsamlegast sjá nýjustu útgáfu okkar af öryggisblaði (MSDS).

VARA TIL NOTKUNAR FYRIR FAGMENN!

VIÐVÖRUN

Vísendingar og viðmiðunarreglur sem er að finna á þessu upplýsingablaði eru í samræmi við þekkingu og viðtæka reynslu fyrirtækisins, þá ber samt að skoða þær undir öllum kringumstæðum sem vísbendingu og nokkuð sem þarf að staðfesta með langvarandi notkun við raunverulegar aðstæður. Allar afhendingar vöru frá Mapei eru framkvæmdar í samræmi við sölu- og afhendingarskilmála sem við eiga á hverjum tíma, og að því gefnu að þessir skilmálar séu samþykktir þegar pöntun er gerð.

Öll afgreiðsla frá Mapei AS er háð þeim sölu- og afgreiðsluskilmálum sem eru í gildi og skoðast samþykkt við pöntun

Allar viðeigandi tilvísanir um vöruna eru fáanlegar eftir beiðni og tiltækar á www.mapei.com



1071 & 0767



Vallsetvegen 6, 2120 Sagstua (Norway)

13

CPR-NO1/0057

EN 1504-4:2004

MAPEPOXY L

4.3 Límvörur fyrir burðarvirki fyrir styrkingu á plötu

Lím/viðloðunarstyrkur:	Afdráttarstyrkur > 14 N/mm ² Skurðarstyrkur alla við: 50° > 50 N/mm ² 60° > 60 N/mm ² 70° > 70 N/mm ²
Skurðarstyrkur:	> 12 N/mm ²
Vinnanleiki:	+ 5 °C = 28 mín + 20 °C = 20 mín + 30 °C = 14 mín
Rýrnun/þensla:	< 0,1 %
Seigjustuðull:	> 2 000 N/mm ²
Stuðull varmaþenslu:	< 100*10 ⁻⁶ pr K
Hitastig varmaleiðni glers:	> 40 – 30 °C
Viðnám gagnvart eldi:	B _{fl} -s1
Ending:	Stenst
Hættuleg efni:	NPD

4.4 Límvörur fyrir burðarvirki fyrir límingu á múr eða steinsteypu

Lím/viðloðunarstyrkur:	Stenst
Skurðarstyrkur:	> 6 N/mm ²
Prýstistyrkur:	> 30 N/mm ²
Rýrnun/þensla:	< 0,1 %
Vinnanleiki:	+ 5 °C = 28 mín + 20 °C = 20 mín + 30 °C = 14 mín
Næmni gagnvart vatni:	Stenst
Seigjustuðull:	> 2 000 N/mm ²
Stuðull varmaþenslu:	< 100*10 ⁻⁶ pr K
Hitastig varmaleiðni glers:	> 40 – 30 °C
Viðnám gagnvart eldi:	B _{fl} -s1
Ending:	Stenst
Hættuleg efni:	NPD

Any reproduction of texts, photos and illustrations published here is prohibited and subject to prosecution

11-2014 IS



BUILDING THE FUTURE